

Föstudaginn 31. maí 1991.

Nr. 1/1991. **Félag íslenskra náttúrufræðinga**

(Viðar Már Matthíasson hrl.)

gegn

fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs

(Gunnlaugur Claessen hrl.),

Samtökum stundakennara við Háskóla Íslands

og Félagi háskólakennara

(enginn).

Samningsumboð. Náttúrufræðingar. Sératkvæði.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Kristjana Jónsdóttir, Björn Helgason, Ingibjörg Benediksdóttir, Ragnar Halldór Hall og Þorsteinn A. Jónsson.

Mál þetta, sem tekið var til dóms þann 19. maí sl., er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, þingfestri 12. febrúar 1991.

Stefnandi málsins er Félag íslenskra náttúrufræðinga, kt. 530169-4139, Lágmúla 7, Reykjavík.

Stefndu eru fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, kt. 550169-2829, Arnarhvoli, Reykjavík, Samtök stundakennara við Háskóla Íslands, kt. 480488-1569, Háskóla Íslands við Suðurgötu, Reykjavík, og Félag háskólakennara, kt. 570172-0699, Háskóla Íslands við Suðurgötu, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda í málinu á hendur stefnda fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs voru upphaflega þessar:

1. Að viðurkenndur verði réttur stefnanda til þess að gera kjarasamninga við stefnda fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs um kaup og kjör fyrir stundakennslu þeirra félagsmanna sinna, sem eru ríkisstarfsmenn og sinna slíkri kennslu við Háskóla Íslands.
2. Að viðurkennt verði með dómi Félagsdóms, að ákvæði kjarasamnings Félags háskólakennara, sem lúta að greiðslum fyrir stundakennslu, skuli, þar til annar kjarasamningur hefur verið gerður, gilda um stundakennslu þeirra félagsmanna stefnanda, sem eru ríkisstarfsmenn og sinna slíkri kennslu í Háskóla Íslands.
3. Að stefndi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs verði dæmdur til að greiða málskostnað samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands og að við ákvörðun á fjárhæð málskostnaðar verði tekið

tillit til skyldu til að greiða virðisaukaskatt á málflutningsþóknun. Þá er þess krafist, að málskostnaður beri dráttarvexti samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 að liðnum 15 dögum frá dómsuppsögu í málinu.

Á hendur stefndu Samtökum stundakennara og Félagi háskólakennara eru þær kröfur gerðar, að þessum félögum verði gert að þola dóm í málinu um stefnukröfurnar, svo farnar sem þær verða dæmdar í málinu.

Dómkröfur stefnda fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs voru upphaflega þær aðallega, að málinu yrði í heild sinni eða að hluta vísað frá Félagsdómi, enn fremur, að honum yrði tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati réttarins.

Til vara er þess krafist, að stefndi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs verði með eða án frávísunar að hluta sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati réttarins.

Af hálfu stefnda Samtaka stundakennara við Háskóla Íslands er tölulið 1 í kröfugerð stefnanda mótmælt, eins og hann er fram settur. Tölulið 2 er ekki mótmælt. Af hálfu þessa stefnda er litið svo á, að tölulið 3 í kröfugerð stefnanda sé eingöngu beint gegn fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Af hálfu stefnda Félags háskólakennara er fallist á þær kröfur, sem gerðar eru í málinu á hendur félaginu.

Í þinghaldi þann 14. mars sl. var af hálfu stefnda fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs gerð krafa um, að einn dómenda, Þorsteinn A. Jónsson, sem tilnefndur er af BHMR, viki sæti. Með úrskurði upp kveðnum þann 17. apríl sl., var þeirri kröfu hafnað.

Með dómi Félagsdóms, upp kveðnum þann 14. maí sl., var 2. kröfulið í kröfugerð stefnanda vísað frá dómi, en kröfu stefnda fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs um frávísun 1. kröfuliðar var hafnað. Eru því kröfur stefnanda samkvæmt fyrsta og þriðja kröfulið hér til efnislegrar umfjöllunar.

Við munnlegan flutning málsins, er fram fór þann 29. maí sl., var ekki sótt þing af hálfu Félags háskólakennara og Samtaka stundakennara við Háskóla Íslands.

Aðild.

Stefnandi gerir grein fyrir aðild málsins með eftirfarandi hætti: Stefnandi kveður Félag íslenskra náttúrufræðigna (FÍN) vera eitt

af aðildarfélögum Bandalags háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna (BHMR). FÍN sé stéttarfélag í skilningi 3. t.l. 5. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, þ.e. fagstéttarfélag, og njóti réttinda sem slíkt.

Félag Háskólakennara (FH) sé stofnanastéttarfélag, sbr. 2. t.l. 5. gr. ofangreindra laga. Skilyrði til inngöngu í það félag séu skv. 3. gr. „laga“ félagsins:

- „1. Prófessorar, dósentar og lektorar við Háskóla Íslands.
2. Vísindalega menntaðir menn, er hafa aðalstarf sitt við háskóla-stofnun.
3. Starfsfólk við stjórnun Háskólans og stofnana hans, er hefur háskólapróf.“

Stefnandi kveður FH hafa gert kröfur til þess, að félaginu verði játað fullt samningsumboð kennara við Háskóla Íslands, sem eru lausráðnir eða á tímakaupi, en hér sé um að ræða þá, sem nefndir eru stundakennarar og séu ekki þegar félagar í téðu félagi. Stefnandi kveður FH hafa fallið frá kröfum þessum í viðræðum við gerð síðustu kjarasamninga, enda fullnægi þessir stundakennarar ekki skilyrðum þeim, sem sett séu í „lögum“ FH til aðildar að því.

Stefnandi kveður Samtök stundakennara í Háskóla Íslands (SSHÍ) ekki vera stéttarfélag í skilningi laga nr. 94/1986. Um sé að ræða skipulagsbundinn félagsskap, sem kosið hafi sér stjórn og sett sér „lög“, en í 2. gr. þeirra „laga“ segi, að tilgangur félagsins sé að vinna að hagsmunamálum stundakennara. Sé í því sambandi rétt að mati stefnanda að taka fram, að átt sé við aðra stunda-kennara en þá, sem fullnægi skilyrðum til aðildar að FH.

Stefndi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs fari skv. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 94/1986 með fyrirvar fyrir ríkissjóð við gerð og framkvæmd kjarasamninga.

Stefnandi kveður kröfugerð sína í máli þessu varða hagsmuni allra þeirra þriggja, sem stefnt sé. Þannig sé lagaskylda að stefna fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, sbr. tilvitnað ákvæði 3. gr. laganna um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Þá lúti kröfur stefnanda að því, að viðurkenndur verði réttur félagsins til samningsaðildar fyrir félagsmenn hans vegna tilgreindra starfa, en svo hagi til, að stefndi FH hafi einnig haft uppi kröfur um, að það félag hafi samningsrétt fyrir m.a. þennan hóp, en að vísu hafi verið fallið frá þessum kröfum síðar. Því leiði það að mati stefnanda af meginreglu

46. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 9. gr. laga 54/1988, að nauðsynlegar sé að stefna FH til aðildar að máli þessu, enda verði það félag þá bundið við niðurstöðu dóms í málinu.

SSHÍ eigi hér einnig hagsmuna að gæta, bæði samkvæmt samþykktum sínum, auk þess sem þetta félag hafi margsinnis á liðnum árum haft uppi ákveðna afstöðu til þess, hvernig væri best háttað samningsaðild fyrir stundakennara, og tekið þátt í viðræðum við stjórnvöld um atriði, sem varða kjör þeirra, og reynt að hafa áhrif til betri vegar á reglur, sem samdar hafi verið um þau.

Málavextir.

Málavexti kveður stefnandi eftirfarandi. Þeir, sem sinni stundakennslu í Háskóla Íslands, skiptist í a.m.k. sjö flokka, þ.e.

1. Þá, sem eru félagsmenn í FH, svo og sérfræðinga við háskólastofnanir, en um laun þessara manna fari eftir ákvæðum kjarasamnings FH.
2. Stundakennara, sem eru fastráðnir sem stundakennarar með sérstökum samningum milli FH og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs. Þeir, sem teljast til þessa hóps, eru einnig félagsmenn í FH.
3. Háskólamenntaða ríkisstarfsmenn, sem eru félagsmenn í öðrum aðildarfélögum BHMR en FH.
4. Aðra ríkisstarfsmenn en þá, sem eru félagar í aðildarfélögum BHMR, t.d. starfsmenn Þjóðhagsstofnunar eða starfsmenn ríkisbanka.
5. Ríkisstarfsmenn, sem sæta ákvörðun Kjaradóms um laun sín.
6. Atvinnurekendur eða launamenn á almennum vinnumarkaði.
7. Nemendur við Háskóla Íslands.

Stefnandi kveður kjör þess hóps, sem tilgreindur er í tl. 2 hér að ofan, um margt svipuð kjörum þeirra, sem tilheyra hóp í tl. 1.

Kjör þeirra hópa, sem falli undir tl. 3-7, séu ákveðin einhliða af stefnda fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs á grundvelli svonefndra reglna, sem menntamálaráðherra hafi sett einhliða, oftast að undangnum viðræðum við SSHÍ, en þar sé alls ekki um samningaviðræður að ræða, enda hafi því ævinlega verið hafnað af hálfu stefnda fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, að SSHÍ hafi rétt til að gera kjarasamninga fyrir þennan hóp manna. Telur stefnandi, að þessi skipan mála hafi viðgengist að einhverju marki í langan tíma, allt frá árinu 1982.

Stefnandi tekur fram í þessu sambandi, að FÍN hafi verið stofnað

á árinu 1960, en hafði þá í sex ár verið starfandi sem hagsmunafélag. FÍN hafi verið aðili að gerð sérkjarasamninga fyrir hönd félagsmanna sinna allt frá árinu 1974. Það sé fyrst nú á allra síðustu árum, sem félaginu berist vitneskja og kvartanir frá félagsmönnum sínum um mikinn launamun þeirra, sem sinna stundakennslu. Stafi þetta af því, að áður fyrr hafi stundakennslu á sviði náttúruvísinda við Háskóla Íslands einkum verið sinnt af sérfræðingum, sem starfað hafi við stofnanir, sem tengdust Háskóla Íslands, og hafi þeir tekið sömu laun og félagsmenn FH, þrátt fyrir það að þeir væru í öðrum félögum, t.d. FÍN.

Síðar hafi það gerst í kringum 1980, að tekin hafi verið upp kennsla í mörgum undirgreinum náttúrufræði og stundakennsla sérfræðinga hafi verið aukin verulega, jafnframt því, sem forræði Háskólans til ákvörðunar á greiðslu launa fyrir stundakennara hafi horfið til launaskrifstofu ríkisins og það leitt til þess, að farið var að framkvæma launagreiðslur í mun meira mæli en tíðkast hafði á grundvelli einhliða ákvarðana fjármálaráðuneytis. Þær ákvarðanir hafi, eins og áður greinir, byggst á reglum, sem svo hafi verið nefndar og settar hafi verið af menntamálaráðuneyti.

Stefnandi kveður gildistíma þessara svonefndu reglna misjafnlega langan, en nú séu í gildi reglur frá 10. janúar 1991, sem samkvæmt efni sínu skuli gilda frá upphafi vormisseris 1991, en eigi að endurskoða við upphaf haustmisseris s.á., án þess að tilgreint sé, að þær falli þá úr gildi. Hinar svonefndu reglur hafi aldrei verið birtar, hvorki í B-deild Stjórnartíðinda né í Lögbirtingablaði, og eigi „reglur“ þessar eða setning þeirra sér ekki neina lagastoð.

Margir félagsmanna í FÍN, sem teljist til hóps þess, er tilgreindur sé í tl. 3 hér að ofan, sinni stundakennslu við Háskóla Íslands. Séu laun þeirra ákveðin einhliða af stefnda fjármálaráðherra.

Fjármálaráðherra hafi hafnað ítrekuðum kröfum stefnanda um, að félagið fái að gera kjarasamninga um stundakennslu fyrir þessa félagsmenn sína, eins og um önnur kjaraatriði þeirra, og hafi ekki verið bent á neinn annan aðila, sem væri bær til að gera kjarasamninga fyrir hönd þessara félagsmanna í FÍN.

Stefnandi kveður kröfur sínar í málinu skv. 1. tl. vera þær, að viðurkendur verði með dómi Félagsdóms réttur félagsins til þess að gera kjarasamning f.h. þessa hóps félagsmanna sinna um kaup þeirra og kjör fyrir stundakennslu. Séu félagsmenn þessir u.þ.b.

100-110, og sé hluti þeirra tilgreindur í úrtaksaathugum þeirri, sem sé á dskj. 5, sem er yfirlit yfir kjör stundakennara í FÍN, sem kenndu við Háskóla Íslands veturinn 1989-90.

Kjör þeirra stundakennara, sem tilgreindir eru undir tl. 3 - 7 hér að framan og ákvörðuð eru einhlið af fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, séu allt önnur og miklu lakari en hópanna í tl. 1 og 2, þótt um sé að ræða nákvæmlega sömu störf; menntun og starfsreynsla geti verið nákvæmlega hin sama svo og nemendafjöldi.

BHMR hafi gert athugun á því í september 1990, hver væri munur á kjörum margra þeirra, sem eru félagsmenn í FÍN og eru ríkisstarfsmenn og sinna stundakennslu við Háskóla Íslands og teljast til hóps 3 hér að ofan, og þeirra, sem teljast til hóps 1, þ.e. þeirra, sem taki laun samkvæmt kjarasamningi FH. Þeir, sem teljast til hóps 1, og reyndar þeir, sem teljast til hóps í tl. 2, fá stundakennslu greidda sem yfirvinnu. Félagsmenn í FÍN séu einnig ríkisstarfsmenn og sinni aðalstarfi sínu í dagvinnu, en fá stundakennsluna við Háskóla Íslands samt sem áður ekki greidda sem yfirvinnu, þó að um sama vinnuveitanda sé að ræða í öllum tilvikum, þ.e. ríkið. Laun þessa hóps eigi einnig að greiðast sem yfirvinna, til þess að sama regla gildi um þá og þá, sem teljast til hóps 1. Laun félagsmanna FÍN, sem hér um ræðir, þurfi að hækka um 72% til þess að jafnræði verði komið á í launum þessara tveggja hópa. Sé þetta niðurstaða framangreindrar athugunar BHMR, sem tekið hafi til vetrarins 1989 - 1990. Allar sömu aðstæður eigi við nú, og því sé sami mismunur kjara við lýði ennþá.

Vegna þessarar mismununar hafi einstaka félagsmenn horfið frá stundakennslu, a.m.k. tímabundið, og hafi slíkt leitt til mikils ófremdarástands í Háskóla Íslands.

Innan BHMR hafi á síðari hluta árs 1990 verið sett á stofn sérstakt kjararáð stundakennara innan aðildarféлага sambandsins í þeim tilgangi að tryggja stundakennurum eðlileg kjör. Hafi kjararáð stundakennara farið fram á viðræður við stefnda fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, en þeirri beiðni hafi ekki verið sinnt.

Af hálfu stefnda fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs er ekki gerð athugasemd við málavaxtalýsingu stefnanda, en tekið fram, að þeir félagsmenn í FÍN, sem tilgreindir séu á dskj. nr. 5, sem er yfirlit yfir kjör stundakennara í FÍN, sem kenndu við Háskóla Íslands veturinn 1989 - 1990 og kröfugerð stefnanda taki til, hafi að tveimur

undanskildum ekki ráðið sig til stundakennslu í Háskóla Íslands, eftir að stundakennslu þeirra lauk á sl. vori. Ágreiningur aðila nái því alls ekki til þeirra.

Jafnframt er tekið fram, að sá hópur manna, sem sameiginlega séu nefndir stundakennarar við Háskóla Íslands, sé stór og sundurleitur. Komi þar margt til, svo sem það, að stundakennsla sé í sumum tilvikum aðalstarf viðkomandi eða hluti aðalstarfs hans. Stundakennsla við H.Í. geti í öðrum tilvikum verið algjört auka-starf. Hér sé í raun um nokkra ólíka hópa að ræða.

Málsástæður og lagarök.

Varðandi kröfu þá í málinu, sem nú er til úrlaunar, byggir stefnandi á því, að sem stéttarfélag hafi stefnandi samkvæmt 1. nr. 94/1986 rétt til þess að semja um kaup og kjör félagsmanna sinna. Hafi réttur þessi ekki verið vefengdur í sjálfu sér. Stefndi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs hafi þó neitað að gera kjarasamning við stefnanda vegna þeirra félagsmanna, sem séu ríkisstarfsmenn og sinni stundakennslu til viðbótar aðalstarfi sínu. Sé þessu eins farið með önnur aðildarfélög BHMR að FH frátöldu.

Enginn aðili semji um kaup og kjör þessa fólks, en þau séu ákveðin einhliða af stefnda fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs á grundvelli svonefndra reglna, settum einhliða af menntamálaráðuneyti. Að mati stefnanda skorti hinar svonefndu reglur með öllu lagastoð og verði því ekki beitt, ef settar lagareglur leiði til annarrar niðurstöðu.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að FÍN sé fagfélag, og bent er á, að félagið hafi notið réttar, sem um sé rætt í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Af þeim ástæðum telji stefnandi, að félagið eitt eigi rétt til samningsgerðar fyrir félagsmenn sína, sem sinni stundakennslu í Háskóla Íslands, sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga, sbr. og 3. tl. 5. gr. laganna. Stefnandi kveður engin lagaákvæði til, sem veiti stefnda fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs rétt til að þvinga fram aðra skipan mála, enda geri 1. mgr. 4. gr. laga nr. 94/1986 ótvírætt ráð fyrir því sem grundvallarreglu, að stéttarfélög samkvæmt lögnum semji um kaup og kjör félagsmanna sinna. Til að koma á annarri skipan þurfi óhjákvæmilega að vera fyrir hendi lagaheimild, en henni sé ekki til að dreifa í þessu tilviki.

Sýknukröfu sína styður stefndi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs þeim rökum, að stefnandi FÍN hafi ekki í þessu efni samnings-

umboð fyrir þann hóp manna, sem mál þetta snýst um. Þá niðurstöðu leiði af 1. mgr. 1. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, er hljóði svo:

„Lög þessi gilda um alla starfsmenn, sem eru félagar í stéttarfélagum, sem skv. 4. og 5. gr. laganna hafa rétt til að gera kjarasamninga skv. þeim og eru ráðnir hjá ríkinu, ríkisstofnunum, sveitarfélögum eða stofnunum þeirra með föstum tíma-, viku eða mánaðarlaunum, enda verði starf þeirra talið aðalstarf.“

Stefnandi staðhæfi, að um sé að ræða 100 - 110 manna hóp. Hluti þeirra sé tilgreindur í úrtaksathugun á dskj. nr. 5. Ekki sé vefengt, að þeir séu félagsmenn í FÍN. Samningsumboð FÍN fyrir aðalstarf þeirra sé einnig óvefengt.

Þeir menn, sem þar séu tilgreindir, séu flestir ríkisstarfsmenn. Þeir starfi hjá ýmsum stofnunum. Stundakennsla þeirra í Háskóla Íslands á sínum tíma hafi verið algjört aukastarf, ótengt aðalstarfi þeirra. Af þeirri ástæðu sé ekki uppfyllt niðurlagsákvæði 1. mgr. 1. gr. laga nr. 94/1986, að um sé að ræða aðalstarf, sem samningsumboð stéttarfélags skv. 4. eða 5. gr. laga nr. 94/1986 geti tekið til. Samningsumboð stéttarfélagsins að lögum nái til aðalstarfs viðkomandi manna, en ekki slíkra aukastarfa, sem hér um ræði.

Allt frá hinum fyrstu lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 55/1962 hafi það verið skilyrði til að falla undir lögum og um leið fyrir samningsumboði stéttarfélags, að um sé að ræða aðalstarf viðkomandi ríkisstarfsmanns. Þetta skilyrði hafi haldist frá upphafi, þrátt fyrir það að ýmsar aðrar breytingar, sem lúti að samningsumboði, hafi orðið á lögnum. Túlkun þess, hvað hugtakið „aðalstarf“ feli í sér, hafi ekki verið hið sama frá upphafi. Stefndi haldi því fram, að í því felist að minnsta kosti það, að viðkomandi starfsmaður hafi ekki samtímis á hendi annað aðalstarf. Sé öðru starfi ekki til að dreifa, geti hlutastarf, sem þó nái ekki a.m.k. hálfu starfi, fallið undir hugtakið „aðalstarf“ samkvæmt lögnum. Í því tilviki geti samningsumboði viðkomandi stéttarfélags verið til að dreifa fyrir umrætt starf.

Að því er varðar þá félagsmenn í FÍN, sem mál þetta snýst um, sé atvikum svo háttáð, að þeir séu í aðalstarfi hjá öðrum stofnunum ríkisins, ótengdum Háskóla Íslands. Það felist reyndar í kröfugerð stefnanda, að svo sé, og sé forsenda hennar.

En fleira komi til. Fram hafi verið lagt í málinu sem dskj. nr.

46 samkomulag BHM og ríkisstjórnarinnar frá 8. september 1980. Vísist til töluliðar 7 í því samkomulagi. Samkvæmt því verði ekki annað séð en að fulltrúar ríkis og háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna séu sammála um og hafi beinlínis samið um þá túlkun hugtaksins „aðalstarf“, sem hér að framan greini. Því samkomulagi hafi ekki verið breytt.

FÍN haldi nú fram andstæðum skilningi, þótt lög hafi ekki breyst að þessu leyti. Stefndi haldi því fram, að FÍN sé bundið af þessum samningi rétt eins og önnur félög, sem á þessum tíma hafi verið innan vébanda BHM, heildarsamtaka háskólamanna, sem þá hafi farið með hluta samningsréttar þeirra.

Félagsmenn í FÍN, sem séu ríkisstarfsmenn við stofnanir utan Háskóla Íslands, sinni ekki stundakennslu við Háskólann að undanskildum örfáum einstaklingum. Eftir því sem næst verði komist, hafi verið um að ræða 9 einstaklinga á haustmisseri 1990 og 5 einstaklinga á vormisseri 1991. Orðalag í stefnukröfum um félagsmenn í FÍN, sem séu ríkisstarfsmenn og „sinna slíkri kennslu í H.Í.“, sé því á mörkum þess að fá staðist og síst af öllu, þegar nafnalisti á dskj. 5 sé virtur. Þessi hluti FÍN, þ.e. 9 eða 5 stundakennarar við HÍ, uppfylli ekki skilyrði 5. gr. laga nr. 94/1986, sem sýnist byggt á í stefnu, til þess að félagið geti nú komið fram í nýju hlutverki og átt rétt til að gera kjarasamning fyrir aukastörf þessara einstaklinga.

Stefnandi skipti þeim, sem sinna stundakennslu í Háskóla Íslands, í 7 flokka. Ekki séu gerðar athugasemdir við þessa framsetningu. Það séu fyrst og fremst þeir, sem tilgreindir séu í fyrstu þremur flokkunum, sem hér sé tilefni til að huga að. Stefnandi telji, að vegna samanburðar við þá stundakennara, sem falli í flokk nr. 1 og 2, beri að viðurkenna samningsumboð stefnanda fyrir þá, sem taldir eru í flokki nr. 3, svo að launajafnvægi megi komast á. Það jafnvægi sýnist stefnandi telja, að fáist með greiðslu yfirvinnukaups fyrir stundakennslu til þeirra, sem kröfugerð málsins ná til.

Vegna þessa sé nauðsynlegt að upplýsa, að þeir, sem falli í flokk 1 og 2, sinni stundakennslu sem aðalstarfi eða hluta af sínu aðalstarfi. Þar skilji algerlega á milli þeirra annars vegar og hins vegar þeirra, sem falli í flokk nr. 3.

Í hinum fyrsta flokki séu sérfræðingar við háskólastofnanir. Þeir eigi best heima í Félagi háskólakennara og séu þar flestir.

Á dskj. nr. 49 sé að finna sýnishorn af ráðningarkjörum slíks sérfræðings. Stundakennsla sé hluti starfsskyldna hans í því aðalstarfi. Hann sýnist ekki eiga neitt val þar um. Samkvæmt gr. 2.8 í kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Félags háskólakennara á dskj. nr. 32 fari eftir atvikum, hvort sú vinna er greidd sem dagvinna eða yfirvinna. Samkvæmt kjarasamningi sé ljóst, að því aðeins greiðist hún sem yfirvinna, að farið sé fram úr 40 stunda vinnuviku. Að því leyti gildir ekkert annað en fyrir aðra yfirvinnu.

Hér breyti engu um skýr kjarasamningsákvæði, þótt starfsvenja muni hafa komist á innan HÍ að greiða slíka kennslu sem yfirvinnu. Í þeim tilvikum sé um að ræða tilflutning á starfsskyldum. Aðrar starfsskyldur í aðalstarfinu, svo sem rannsóknarskylda, verði þá að eiga sér stað utan dagvinnumarka, hafi kennslan átt sér stað innan þeirra marka. Hún sé þá aðeins greidd sem dagvinna.

Í flokki nr. 2 séu svonefndir stundakennarar á föstum launum. Hér sé um að ræða stundakennara, sem hafi stundakennsluna að aðalstarfi og séu í hálfu starfi að lágmarki. Í þessu tilviki sé stundakennslan beinlínis aðalstarf.

Samkvæmt framangreindu sé ljóst, að mál horfi hér við hvort með sínu móti, að því er varðar stundakennara í 1. og 2. flokki annars vegar og hins vegar þá, sem eru í 3. flokki, og þar með þá, sem stefnukröfur taki til. Hjá þeim sé kennslan aukastarf samhliða aðalstarfi við aðrar stofnanir en Háskóla Íslands. Samanburður stefnanda við þessa hópa geti því ekki leitt til þess, að kröfur hans nái fram að ganga.

Varðandi sýknukröfu sé vakin athygli á ákvæðum 34. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Greinin fjalli um aukastörf, sem ekki séu yfirvinna í aðalstarfi. Samningsréttarlög hafi ekki haggð henni, og aukastörf hafi ekki verið felld undir samningsréttarlög.

Mótmæli stefnda Samtaka stundakennara við Háskóla Íslands við kröfum stefnanda byggjast á því, að samkvæmt lögum SSHÍ sé félagið stéttarfélag stundakennara við Háskóla Íslands, sbr. 2. gr. laga félagsins. Í 7. gr. laganna sé ákvæði um skipun samninganefndar, sem semja skuli um kaup og kjör félagsmanna og fyrirvara um samþykki almenns félagsfundar á þeim samningum, sem nefndin geri.

SSHÍ sé stéttarfélag í skilningi laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Sem slíkt geti það krafist samningsréttar sér til handa. Samtökin falli hins vegar ekki undir 1. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, þar eð meiri hluti félagsmanna hafi ekki stundakennslu að aðalstarfi. Það sé því háð samþykki viðsemjandans, þ.e. ríkissjóðs, hvort stéttarfélagið getur samið um kaup og kjör sinna félagsmanna. Slíkt samþykki hafi enn ekki fengist SSHÍ til handa, en ákvörðun um það sé framkvæmdavaldsins, en ekki dómsvaldsins, að mati SSHÍ.

Félagið hafi ekki falið Félagi íslenskra náttúrufræðinga umboð til að semja fyrir hönd félagsmanna í SSHÍ um kaup þeirra og kjör né hefur Félag íslenskra náttúrufræðinga til þess lagaheimild vegna 1. gr. laga nr. 94/1986. Kröfugerð stefnanda samkvæmt 1. kröfulið skorti því næga stoð.

Samþykki við kröfum stefnanda myndi enn fremur fela í sér brot á lögum Samtaka stundakennara við Háskóla Íslands, og verði því ekki fallist á slíka kröfugerð af hálfu SSHÍ. Félagsmenn í FÍN, sem einnig eru félagar í SSHÍ, hafi ekki borið mál þetta upp á aðalfundi SSHÍ, og hafi því ekki gefist tækifæri til umræðna og hugsanlegrar ákvörðunar um lagabreytingar, sem falið gætu í sér samþykki við kröfugerð FÍN í máli þessu. Stjórn SSHÍ telji sig því ekki hafa umboð til samþykkis við kröfugerð stefnanda án slíkrar ákvörðunar aðalfundar.

Niðurstaða.

Stefnandi fékk í framhaldi af gildistöku laga nr. 94/1986 rétt til að gera f.h. félagsmanna sinna kjarasamning samkvæmt þeim lögum við fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs á grundvelli heimildar 2. mgr. 4. gr. laganna. Ekki skiptir máli fyrir niðurstöðu máls þessa, hvort stefnandi geti einnig leitt samningsrétt sinn af 3. tl. 5. gr. laganna.

Í málflutningi stefnanda hefur komið fram, að ekki er ágreiningur um, að þau störf, sem kröfur hans í máli þessu varða, eru ekki aðalstörf þeirra félagsmanna stefnanda, sem í hlut eiga, heldur hafi þeir að aðalstarfi önnur störf hjá öðrum ríkisstofnunum en Háskóla Íslands. Krafa stefnanda í málinu snýst því um viðurkenningu á samningsumboði stefnanda fyrir félagsmenn sína vegna ákveðinna aukastarfa þeirra.

1. mgr. 1. gr. laga nr. 94/1986 veitir þeim stéttarfélögum, sem

undir lögin falla, aðeins rétt til að gera kjarasamninga, sem taki til aðalstarfa viðkomandi starfsmanna. Þegar af þeirri ástæðu verður að sýkna stefnda fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs af kröfum stefnanda í málinu. Í ljósi þeirrar niðurstöðu og eins og kröfugerð stefnanda er fram sett gagnvart stefndu Félagi háskólakennara og Samtökum stundakennara við Háskóla Íslands, verða þessir stefndu einnig sýknaðir af kröfum stefnanda.

Rétt þykir, að stefnandi greiði stefnda fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs 60.000,00 kr. í málskostnað. Að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

D ó m s o r ð:

Stefndu, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, Félag háskólakennara og Samtök stundakennara við Háskóla Íslands, eru sýknir af kröfum stefnanda, Félags íslenskra náttúrufræðinga, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs 60.000,00 kr. í málskostnað. Að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

S é r a t k v æ ð i

Þorsteins A. Jónssonar.

Ég er samþykkur atkvæði meiri hluta dómsins að öðru leyti en því, að ég tel rétt, að málskostnaður falli niður.
